




Grettir




Smáfólk




Kalvin & Hobbes



Hrólfur hræðilegi



Gæsamamma og Grímur



Úthverfið



Kóngulóarmaðurinn



Dagbók

Í dag er laugardagur 3. júní, 154. dagur ársins 2006

Orð dagsins: „Trúið á ljósið meðan þér hafði ljósið, svo að þér verðið börn ljóssins.“ (Jóh. 12, 36.)



Morgunblaðið/Ásdís

Ofin myndverk Ásgerðar

Hallgrímskirkja | Ásgerður Búadóttir opnar í dag sýningu á ofnum myndverkum í Hallgrímskirkju. Ásgerður hefur lengi verið einstök í íslenskrí myndlistarhefð – lítur á sig sem myndlistarmann er nýtir sér vefnaðinn sem miðil við að finna sköpun sinni form. Sýning Ásgerðar stendur til 14. febrúar og er opin frá fimmtudegi til sunnudags.

Víkverji skrifar...

vikverji@mbl.is

Sautjándi júní er framundan, og lendir á laugardegi.

Pvllík spæling! Víkverja finnst að það ætti að vera bryn-asta baráttumál verkalyðsfélaga hér á landi að lögbundnir frídagur haldist jafnmargir yfir árið, sama hversu heppilega eða óheppilega helgi- og hátíðisdagar radast á daga vikunnar.

Víkverji bjó eitt sinn með Rússum, og þeir kunna sko að haga sínum frídögum: Ef heilagur eða hátíðlegur dagur, eins og jól, nýársdagur, 1. maí eða stríðslokadagurinn lendir á helgi er annað hvort föstudagurinn á undan eða mánudagurinn á eftir gerður að frídegi.

Rússar láta ekki þar við sitja: Ef frídagur kemur, til dæmis, upp á fimmtudegi þá gera þeir föstudaginn að frídegi líka, en vinna þess í stað næsta sunnudag. Þannig næst þriggja daga helgi, frá og með fimmtudegi til og með laugardags, og gefur augaleið að hægt er að nýta frídagana mikið betur með því móti en ef væru þeir sundurklipptir.

Ást er...



... að reyna að róa hann niður.

Það verður seint sagt að of mikið sé af af lögboðnum frídögum á Íslandi, og örbreytt íslenskt launafólk má síst við að missa sína fáu hvíldardaga fyrir leiðinda almanaksóheppni.

x x x

Völu-bananastangir eru líkast til það nammi íslenskt sem Víkverji heldur mest upp á. Gæti Víkverji borðað bananastangir

Völu í hvert mál, æv-

ina á enda, og ekki þreyst á átinu. Umbúðirnar utan um bitana voru nýlega endurbættar og minnkað í pakkningunni um 50 g. Ný plastfilma er notuð sem lengir líftíma vörunnar og bætir væntanlega gæðin. Það væri gott og blessað, ef ekki væri fyrir það að verðið á bananastöngunum hefur snarhækkad. Víkverji hringdi í framleiðandann og spurði hverju þetta sætti, en fékk þau svör að þar á bæ hefði verðið á þökkunum lækkad. Það eru því smá-salarnir, melirnir á þeim, sem hafa notað tækifærið og skrúfað upp verðið. Alveg er það dæmigert, og ómerkilegir viðskiptahættir.